



Alþingi
Erindi nr. P 130/1878
komudagur 16.4.2004

16. apríl 2004
SÍ-16490

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál á 130. löggjafarþingi.

Með bréfi dags. 6. apríl 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu felst í meginatriðum að í stað þess að innheimta þungaskatt eftir öikumæli (skylda fyrir stór ökutæki, heimild fyrir minni ökutæki) eða sem fastagjald af minni ökutækjum með dísilvél eða hliðstæðar vélar verði innheimt gjald af eldsneyti. Litun við dælingu á ökutæki verði notuð til þess að koma í veg fyrir að notuð verði gjaldfrjáls olía ætluð til húshitunar, á skip eða aðra iðju sem ekki veldur vegasliti. Slit og notkun á vegum hafa jafnan verið hinn undirliggjandi gjaldstofn sem talinn er hafa gefið sérstakt tilefni til gjaldtöku af ökutækjum.

Það atriði frumvarpsins sem einkum varðar verkefni Seðlabankans er áhrif breytinganna á verðbólgu. Skattheimta sem verið hefur óháð kaupum á farartækjum eða rekstrarvörum til notkunar þeirra er færð í form venjulegrar innheimtu óbeins skatts sem leggst á vöruverð. Þetta skiptir þó ekki máli varðandi þann hluta gjaldheimtunnar sem hvort eð er hefur komið fram í mældu verðlagi, þ.e. gjaldtöku vegna atvinnutækja. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvort eða að hve miklu leyti verðlagsvísitölur verða látnar taka af því mið að fyrst og fremst er um formbreytingu á skattheimtu að ræða. Miðað við að hækkun á olíuverði á einkabíla við dælu yrði tekin að fullu inn í mælt verðlag, að tekjur af olíugjaldi verði um 6 ma.kr. og að um þriðjungur komi frá notkun einkafarartækja gætu áhrifin á mælt verðlag orðið af stærðargráðunni ½% í eitt skipti. Sú tala er þó dæmi fremur en spá eða mat. Ákveði


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Hagstofa Íslands að meta breytinguna niður vegna fyrri gjaldtöku verður hækkunin mun minni. Með því að verðhækkunin er að langmestu leyti formbreyting og auk þess í eitt skipti verður hún ekki tilfni vaxtabreytingar af hálfu Seðlabankans. Að atriðum sem þessu er m.a. vikið í grein Þórarins G. Péturssonar, „Útfærsla verðbólgaumarkmiðsstefnu víða um heim“ í 1. hefti *Peningamála* 2004; einkum á bls 74.

Annað atriði sem Seðlabankinn telur sig varða vegna hagstjórnar eru áhrifin á ríkisbúskapinn. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu hefur verið reynt að stilla svo til að breytingin hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Hér er því ekki tilefni til athugasemda. Með hliðsjón af framansögðu styður Seðlabanki Íslands samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason
bankastjóri